

Skoðun á leifum sjóvarnargarðs á Álftanesi

Mjöll Snæsdóttir



Fornleifastofnun Íslands

FS025-96061

Reykjavík 1996

Inngangur

Hinn 7. og 9. október 1996 skoðaði ég leifar sjóvarnargarðs á Álftanesi, þar sem heitir Búðarflöt, en garðurinn var fjarlægður vegna þess að gera á nýjan varnargarð á sama stað. Staður þessi er í Bessastaðahreppi á vestanverðu nesinu, við sunnanverða vík sem heitir Helguvík.

Það sem eftir stóð af garðinum var ca 30 m langur bútur, 1- 1,5 m hár, að nokkru vaxinn grasi og punti. Garðurinn hafði að sögn heimamanna áður verið lengri, en ekki fékk ég upplýsingar um, hve langur hann hefði þá verið.

Guðmundur Ólafsson á Þjóðminjasafni Íslands hafði áður skoðað garðinn og taldi hann frá þessari öld. Sigurður Klemensson, sem starfar hjá Bessastaðahreppi, segir eldri bræður sína hafa hlaðið garðinn, líklega á árunum um og upp úr 1930. Ekki sagðist hann geta fullyrt hvort þá var fyrir einhver garður á þessum stað. En oft hefði þurft að endurbæta garðinn vegna þess að hann skemmdist af sjógangi.

Mælingamenn á vegum hreppsins komu á staðinn 9. okt. og mældu inn staðsetningu garðs og hæð. Af þeim sökum gerði ég ekki mælingu sjálf og meðfylgjandi skýringarmynd er aðeins einfalt riss.

Rannsókn 7. og 9. október 1996

Þegar ég skoðaði garðinn 9. okt. var búið að taka af honum sjávarmegin og varð ekki séð hve mikið það hafði verið. Einar Svavarsson, sem var að vinna við að gera nýjan varnargarð, hafði fjarlægt grjótið. Hann taldi að það hefðu verið um 2 metrar á þykktina sem hann hafði tekið, en sagði ekki hafa verið hleðslu þeim megin. Þar hefði verið töluvert af stærra grjóti, sem hann hafði notað aftur í grjótbálk þann, sem hann var búinn að gera ofan við fjöru og sjávarmegin við garðinn til undirstöðu nýjum varnargarði.

Nyrsti endi garðsins, ca 6 m kafli, virtist heillegastur og best farinn. Hann var

hlaðinn úr lábörðum steinum, landmegin voru 4-5 umför steina sjáanleg, margir með mosa og skófum. Þessi bútur garðsins var 1-1,20 hár, miðað við jafnsléttu landmegin. Hleðslan hefur dregist að sér að ofan, sem svarar ca 25 cm. Sunnan við þennan best hlaðna kafla kom um það bil 4 m langur kafli þar sem garðurinn varð óreglulegur, væntanlega af því að hann hafði skaddast hér og verið endurbyggður. Þar sáust ekki hleðslur. Því næst tók við um 3 m kafli, þar sem sjá mátti nokkuð skipulega hleðslu neðst. Steinarnir í henni voru holóttir grágrýtissteinar, ekki vatnssorfnir. Hér var garðurinn lægri, ca 1 m á hæð miðað við jafnsléttu landmegin.

Þar fyrir sunnan var um 4 m bútur þar sem veggur var raskaður, en sunnan þess kafla mátti aftur sjá reglulega hleðslu, 3-4 sjáanleg umför, mest holótt grágrýti. Sú hleðsla var sýnileg að beygjinni á veggnum og um það bil 6 m suður fyrir hana, en á sjálfu horninu var nokkuð hrunið úr veggnum.

Þá kom um 4 m langur kafli, þar sem engin hleðsla sást og aðrir 4 m með sjáanlegri hleðslu neðst. Syðsti hluti garðsins, 8-9 m langur kafli, var ekki með neinni sýnilegri hleðslu, og má vera að þar hafi garður eyðilagst og verið endurbyggður nýlega. Innan um í þessum syðsta bút mátti sjá lábarða steina með skófum, áþekka þeim sem voru í veggnum nyrst. Er líklegt að veggurinn hafi í fyrstu verið hlaðinn einkum úr slíku efni. Hæð garðsins sunnan við beygjuna var 1,30 - 1,40 m, miðað við núverandi yfirborð landmegin.

Einar Svavarsson sem var að vinna við að gera nýja sjóvarnargarðinn tók að mér viðstaddri skarð í vegginn á þremur stöðum og þar skoðaði ég efni og gerð veggjarins, eins og sjá mátti þau í sniði. Er þeim stuttlega lýst hér á eftir. Þá fylgdist ég með þegar hann fjarlægði nyrsta kaflann, þar sem hleðslan var heillegust til að athuga hvort eitthvað kæmi fram sem bætti við þá mynd, sem hægt var að fá af sniðunum þremur.

1.snið.

Syðsta skarðið var gert ca 6 metra frá suðurenda garðsins. Á þeim stað var garðurinn óreglulegur og illa farinn. Veggurinn var úr grjóti í gegn, en það var óreglulegt, og var ekki að sjá raunverulega hleðslu. Greinilega var ekki langt síðan hér hafði verið hreyft við veggnum, því að milli steina sáust brot úr plasti, gaddavírsspottar og bútur úr nælonkaðli. Við skarðið var veggurinn 1 m hár. Þykktin á því sem eftir var af veggnum hér var um það bil 2 m. Einar Svavarsson

taldi að þykktin hafi verið mest 4 m áður en hann tók grjót úr veggnum sjávarmegin. Mold var nokkur milli steina í veggnum að ofan.

2. snið.

Annað skarðið var tekið í garðinn rétt norðan við beygjuna á honum. Þar var garðurinn rúmlega 2 metrar á þykkt, en hafði verið nálægt 4 metrum að sögn Einars. Hér var garðurinn einnig úr grjóti í gegn, en það var óreglulegt, sumt lábarið. Í innbrún veggjar mátti sjá hleðslu úr holóttum grágrýtissteinum, sem ekki voru vatnssorfnir. Hleðslan var lág, 60-80 cm, 3-4 umför af steinum. Milli steina var sandur og undir veggnum var mól og sjávarsandur. Gaddavírsbútar sáust í fyllingu. Steinarnir voru yfirleitt mest 20-30 sm á hvorn veg. Hæð veggjar hér var ca 1,20 m.

3. snið.

Þriðja skarðið var gert við suðurenda heillegu hleðslunnar nyrst. Veggurinn var þar 1,20 m á hæð og 1,80 m að breidd. Steinarnir í veggnum voru á bilinu frá því að vera hnefastórir upp í ca 30 cm á hvorn veg og flestir lábarðir. Þegar þverskurðurinn er skoðaður má sjá að mestur hluti veggjar virðist gerður þannig að hrúgað hafi verið upp sjávarsorfnu grjóti. Aðeins í innbrún var steinum hlaðið í reglulega hleðslu. Þar voru 4-5 umför steina sjáanleg ofanjarðar, og eitt neðan yfirborðs, þannig að hleðslan var 5-6 umför að hæð. Hleðslan landmegin náði dýpra en veggurinn gerði annars. Það er annað hvort vegna þess að grafið hafi verið eilítið niður fyrir henni, eða þetta hefur ráðist af hæðarmun á yfirborði þegar veggurinn var hlaðinn. Glerbrot og plastbrot innanum sandinn í fyllingu sýndu að hreyft við veggnum hér nýlega. Einar Svavarsson taldi að veggurinn hefði ekki verið fullir 4 metrar á þykkt hér áður en af honum var tekið sjávarmegin, en treysti sér ekki til að áætla breiddina nákvæmar. Hann sagði að þar hefði verið stórgryti í veggnum sjávarmegin og hefði hann fjarlæggt það.

Ekki verður sagt um upphaflega hæð veggjarins. Þegar hann var skoðaður í október 1996 var hann 1-1,5 hár miðað við jafnsléttu landmegin. Jón Gunnlaugsson, sem býr í nágrenninu og er uppallinn þar, taldi vegginn hafa verið töluvert hærrí áður. Ekki var að sjá nema 1 umfar steina neðan yfirborðs, og hækkar það vegginn um 30 cm eða svo. En ekki er hægt að segja til um hve mikið getur verið farið ofan af veggnum.

Niðurstöður

Athugun á sjóvarnargarðinum sýnir að hann var aðallega gerður úr grjóti. Þegar hann var skoðaður var aðeins hleðsla landmegin í honum en að öðru leyti var hann óreglulegur grjóthryggur. U.þ.b. tveir metrar höfðu verið teknir af honum sjávarmegin áður en hann var skoðaður, en verktakinn sem það hafði gert taldi sig ekki hafa orðið varan við hleðslu þeim megin. Ekki verður úr því skorið hvort hleðsla hefur einhvern tíma verið þar.

Skoðun á veggnum segir ekki til um aldur hans, eða hvenær fyrst er hlaðinn garður á þessum stað. Hlutir eins og gaddavír og plast inni í garðinum sýna að hreyft hefur verið við honum nýlega. Vegna þess að garðurinn hefur orðið fyrir hnjaski og verið endurbættur oft, getur hann þó hæglega verið töluvert eldri en yngstu hlutir sem í honum liggja. Ekki er ástæða til að rengja þær upplýsingar heimamanna að garðurinn sé hlaðinn um 1930. Þó er ekki hægt að útiloka að þarna hafi verið einhverjir varnargarðar áður, þó ekki liggi fyrir frásagnir af því.



